

12. júní 2019

**Skriflegt viðtal við Morgunblaðið í Reykjavík í tilefni af opinberri heimsókn forseta Sambandslýðveldisins Þýskalands til Íslands dagana 12. til 14. júní 2019.**

*1. Hvernig metið þér úrslit Evrópukosninganna? Hvað felst í niðurstöðunni fyrir stjórn málaástandið í Þýskalandi með sérstöku tilliti til stöðu stjórn málaflokkanna?*

Hin mjög aukna kjörsókn nærri alls staðar í Efnahagsbandalags-löndunum, hin stjórn málalega vakning, er mjög jákvætt merki þessara kosninga. Í Þýskalandi hefur hún ekki verið meiri síðastliðin 25 ár. Þetta sýnir, að fólkið er orðið sér meðvitað um það, hversu mikilvæg hin sameinaða Evrópa er fyrir framtíð okkar. Niðurstaða kosninganna á sér auk þess margar hliðar og leiðir umfram annað í ljós hin miklu umskipti, sem eiga sér nú stað meðal stjórn málaflokka í mörgum landanna. Ný stjórn málaleg öfl eru komin til sögunnar, og vægi hefðbundinna flokka hefur rýrnað. Mörg stef hafa komið til álita í þessum kosningum, en verndun andrúmsloftsins hefur ýtt sérstaklega við fólki – en það skilar sér umfram annað í miklu fylgi hinna grænu. Þetta viðfangsefni mun reyndar gegna sérstöku hlutverki í ferð minni til lands yðar, Íslands.

*2. Hvaða ályktanir ætti að draga af þessu, að því er varðar Efnahagsbandalagið? Hvernig eiga hefðbundnir stjórn mála-flokkar að bregðast við hægri „popúlistum“ í Evrópu? Eru þeir stjórn tækir eða ætti að forðast hvers konar stjórn-málalega nálgun við þessa flokka?*

Hin stjórn málalegu öfl, sem nú hafa verið kosin, ættu að nýta þennan mikla áhuga fólks til nýrra viðhorfa. Fyrir dyrum standa mikilvægar ákvarðanir, fyrst og fremst fyrir stjórnendur Evrópusambandsins – hina nýju leiðtoga framkvæmdanefndarinnar, Evrópuþingsins, Evrópuráðsins, en einning Seðlabanka Evrópu og utanríkisstefnu Evrópu. Umfram allt verðum við íbúar

Evrópu þó á næstu mánuðum að finna svör við því, hvernig við viljum sjá framtíðina fyrir okkur: Loftslagsmálin, gervigreindarmálin, flóttta og fjöldaflutninga fólks milli landa og trygging öryggis evrópsks almennings í óróasömum heimi. Það, hvernig okkur tekst að takast á við þessi viðfangsefni, mun skipta sköpum í trausti borgaranna á framtíð Evrópu.

Að því er Þýskaland varðar, leiðir af þessum kosningum, að vinnan við samstarfið meðal aðila í þjóðfélagi okkar er stærsta verkefnið fyrir alla stjórnsmálaflokkana, sem ábyrgð bera eða vilja bera. Einnig í Þýskalandi hafa hefðbundnir stjórnsmála-flokkar tapað fylgi og nýjum flokkum tekist að ná fótfestu. Einkum hin unga kynslóð er upptekin af ýmsum stjórnsmála-hreyfingum. Allt þetta er mikil áskorun fyrir fylgjendur lýð-ræðisins, sem er sérstaklega háð virkum flokkum, sem eru til-búnir til að axla ábyrgð. Ég óska þess vegna, að flokkarnir opni dyr sínar og vísi einnig ungu fólki leiðir til að taka þátt í stjórnsmálastarfi.

*3. Samskipti Evrópu og Bandaríkjanna eru stirð sem stendur. Krafa Trumps um heimsyfirráð á viðskiptasviðinu hefur ekki aðeins leitt til viðskiptastríðs við Kínverja, heldur er hætta á, að svipaðra stigmagnandi áhrifa taki einnig að gæta í Evrópu. Bandaríkin hafa nú dregið sig út úr Parísarsamkomulaginu. Einnig hefur skoðanamunar gætt meðal meðlima NATÓ. Hvernig metið þér þessa nei-kvæðu þróun með tilliti til stöðu Atlantshafsbanda-lagsins á sviðum viðskipta, loftslagsmála og öryggismála?*

Við í Efnahagsbandalaginu stöndum frammi fyrir því að þurfa að færa eigin hagsmuni og ábyrgð okkar betur í sviðsljós hugsana okkar og gerða: í öryggismálum, loftslagsmálum, en einnig í viðskiptamálum, sem eru sérstaklega mikilvæg fyrir hagsmuni Evrópubúa og einkum Þjóðverja, sem eru mjög háðir reglubundnu alþjóðlegu skipulagi. Aukin viðleitni Evrópuþjóða á sviðum loftslagsmála, viðskipta-, öryggis- og varnarmála verða meðal hinna miklu viðfangsefna, sem bíða ekki aðeins hinna nýju

stjórnenda í Brüssel, heldur einnig bandalagsþjóðanna. Fyrir þessu eru tvær ástæður: Í fyrsta lagi breytt og viðkvæmara raunhæft ástand öryggismála, bæði um heim allan og í næsta nágrenni Evrópuþjóða; og í öðru lagi óvissa um framtíðarhlutverk Bandaríkjanna innan NATO. Þetta á við, þó að tilvist NATO sé engum vafa háð og Bandaríkin verði áfram mikilvægasti bandamaður okkar utan Evrópu. Þessi nýja staða NATO er reyndar ekki aðeins sök vafa Bandaríkjaforseta í garð bandalagsins, heldur á sér rætur í djúpstæðri röskun á viðskiptalegu, stjórnámalegu og hernaðarlegu jafnvægi í heiminum. Bandaríkin sjá reyndar langtímahagsmuni sína núna síður fóligna í hættu af hálfu gamals andstæðings síns, Rússlands, heldur Austur-Asíu, í Kínaveldi.

Ef aðstæður við Kyrrahaf vinna stöðugt á í viðhorfum Banda-ríkjamanna, er Evrópuþjóðum hollast að greina og skipuleggja sameiginlega öryggishagsmuni sína af meiri alvöru. Barlómur gagnast engum.

*4. Andúð á Gyðingum hefur aukist í Evrópu og mönnum bregður við, ef Gyðingum í Þýskalandi er tekinn vari fyrir því að vera klæddir að Gyðingasið á almannafæri. Hvernig verður þessi þróun skýrð, og hvernig á að bregðast við slíku?*

Það er mikið lán fyrir land okkar, að líf Gyðinga hefur þróast aftur með margvíslegum hætti síðan árið 1945. Samskipti Gyðinga og annarra hafa síðan orðið að lifandi staðreynd, og er ég mjög feginn því. Söfnuðir Gyðinga stækka, verið er að endurreisa bænahús Gyðinga og mennta rabbína. Hefðir og tilvera Gyðingdóms eru lifandi í opinberri umræðu, bókmenntum og trúarlegum sam-skiptum. Gyðingar, búsettir í Þýskalandi, eru virkir þátttakendur í stjórn mála- og menningarlífi okkar. Þetta er lán okkar, en um leið sérstök ábyrgð, sem hvílir á okkur: Það er æðsta skylda okkar sem ríkis að tryggja og ábyrgjast öryggi og frelsi Gyðinga, að vernda borgara af Gyðingaættum og grípa inn í, þar sem þess gerist þörf, en einnig allur

almennigur þarf að verjast gyðingaandúð af öllum mætti. Aðeins þá, ef Gyðingum í Þýskalandi getur fundist þeir eiga heima þar, getur land okkar verið sátt við stöðu mála.

*5. Íslendingar hafa dregið til baka umsókn sínu um upptöku í Efnahagsbandalag Evrópu, en ætla að vera áfram meðlimir Evrópska efnahagssvæðisins. Hvernig metið þér stöðu Evrópska efnahagssvæðisins nú? Efnahagsbandalagið hefur þróast stöðugt og hefur breyst verulega síðan Efnahags-svæðið kom til árið 1994. Er Efnahagssvæðið í nokkurri hættu þess vegna?*

Íslendingar ákveða sjálfir, með hvaða hætti og hve náið þeir kjósa að tengjast á alþjóðasviði. Frá mínum sjónarhóli er saga Efnahagsbandalagsins frá stofnun þess fyrir 25 árum saga raun-verulegs árangurs. Það hefur orðið til mikils efnahagslegs gagns bæði fyrir Efnahagsbandalags- og EFTA-ríkin. Það hefur veitt ungum Íslendingum möguleika á að stunda nám, ferðast og vinna um alla Evrópu. Þetta er ekki sjálfsagður hlutur og mjög mikils virði. Um leið hef ég skilning á því, að ekki vekja öll laga-fyrirmæli frá Brüssel fögnuð. Evrópska efnahagssvæðið hefur þróast kröftuglega á þessum 25 árum og ég er vongóður um, að það muni einnig á komandi tímum megna að eiga hlut í að auka velsældina í löndum okkar. Reyndar er það mjög jákvætt, að Íslendingar hafa aukið nærveru sína í Brüssel. Með því er unnt að flýta samstarfinu og gera það milliliðalausara, og Íslendingar geta beitt áhrifum sínum betur og beinna.

*6. Samskipti Íslendinga og Þjóðverja hafa verið nán í áranna rás. Hvernig er staðan nú í samstarfi beggja þjóðanna á sviði menningar-, stjórn- og efnahagsmála?*

Þrátt fyrir landfræðilega fjarlægð á milli landanna er mikil nánd á milli þjóðanna á mörgum sviðum. Þjóðirnar eru tengdar nánnum hefðbundnum böndum og mikil vinátta þeirra á milli – efnahagslega, stjórnmálalega og

menningarlega. Þessum tengslum langar mig til að ljá aukinn þrótt með heimsókn minni – hinni fyrstu af hálfu forseta Þýskalands á 16 árum.

Á stjórn málasviðinu er náið samstarf milli þjóðanna. Hjá Sameinuðu þjóðunum, innan NATO og á Evrópska efnahagssvæðinu erum við oft sama sinnis og getum treyst hvor annarri. Þjóðverjar eru auk þess meðal mikilvægustu viðskiptaþjóða Íslendinga.

Í Þýskalandi eru íslenskar bókmenntir reyndar í miklum metum, ekki síst eftir að Ísland var gestgjafaland á bókamessunni í Frankfurt árið 2011. Þýskir stúdentar eru fjölmennasti hópurinn meðal ERASMUS-námsmanna á Íslandi. Ekki er hægt að hugsa um íþróttir í Þýskalandi án hlutdeildar Íslendinga. Einn árangurs-mesti þjálfari þýska handboltasambandsins, Alfreð Gíslason, er íslenskur og fylgir mér í þessari opinberu heimsókn, og "Siggi", Ásgeir Sigurvínsson, er enn í dag dáður miklu víðar en í Stuttgart.

Þó eru til sérstök tengsl milli þjóðverja og Íslendinga, sem eru lítt þekkt í Þýskalandi, en eiga nokkurn þátt í valinni tímasetningu ferðar minnar: Þýsku sveitaverkakonurnar, sem komu til Íslands árið 1949 og næstu árin á eftir. Þessar vikurnar eru liðin 70 ár frá því að "Esjan" kom til Íslands fyrst skipa aðallega með þýskar verkakonur, en einnig nokkra verkamenn. Það er sérstök saga, hvernig þessar konur komu frá stríðshrjáðu Þýskalandi og fundu sér störf í landbúnaði hér á landi, sem átti þá í vaxandi erfiðleikum við að manna störf vegna aukinna starfa fólks við sjávarútveginn. Margar þeirra fundu ný heimkynni og stofnuðu fjölskyldu hér á landi. Þær urðu hluti af íslensku samfélagi og skópu þannig lifandi tengsl milli þjóðanna. Ég hlakka til að hitta nokkrar af þessum þýsku innflytjendum þeirra tíma hér í Reykjavík og heyra frásagnir þeirra.

*7. Hvaða atriði samskipta milli landanna munuð þér ræða í dvöl yðar hér á landi, og hvar sjáið þér færi á að þróa þau frekar?*

Á þeim tveimur dögum dvalar minnar hér á landi mun ég hafa mikinn tíma til að ræða mörg sjónarmið í samskiptum landa okkar ítarlega, en mig langar auk þess einnig til að læra af reynslu Íslendinga. Þar má nefna viðfangsefni, sem vaka sameiginlega fyrir okkur forseta yðar, Guðna Th. Jóhannessyni, eins og hina opnu, lýðræðislegu þjóðfélagsgerð okkar svo og nýjar áskoranir á sviði hernaðartækni á alheimsvísu.

Umfram allt er ég þakklátur fyrir, að forsetahjónin munu fylgja okkur á síðari deginum til Suðurlands og Vestmannaeyja. Við munum kanna ítarlega afleiðingar loftslagsbreytinga, til dæmis við leiðangur að Sólheimajökli í fylgd lítilla loftslagsfræðinga úr 7. bekk skólans á Hvolsvelli, en einnig einnar frægustu meðal loftslagsfræðinga Þjóðverja, Antje Boetius frá Alfred-Wegener-stofnuninni, sem mun fylgja mér í þessari ferð. Ísland hefur margt að bjóða, þegar kemur að verndun loftslagsins og umhverfis-vænni orkuvinnslu, sem við getum lært af. Ég er til dæmis mjög spenntur fyrir að heimsækja umhverfisvæn orkuver í ferð okkar.